

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, JANÚAR 1905.

NR. I.

FERMINGARÓÐUR



Ferming!

Fátt er í síðum og trú vorri tyrfnari gáta. —

Tjóður það kannske er að eins við fornhelga síði. —

Þú ef til vill kallar mig heimskan — og frábæra herming,
að hafna þeim síðum, er eitt sinn eg fékkst til að játa.

En þessháttar getum við látið allt liggja í friði.

En rétt er þó ekki, að láta það liggja í friði,
sem löngu er úrelt og fúð og banvænt og rotið,
þótt eitt sinn því væri sem afguðum lotið,
og oft hafi tignarsess hlotið,
en er ekki lengur að liði.

Og allt, sem er tjóður á atgjörvi' og skynjun hvers einasta manns,
það ætti' ekki' að liðast, þótt yrði þess frákall
sá eyðandi, gínandi hákall,
er glepti upp aðfengna guðsríkið hans.

Eg sé að þú roðnar, þótt segirðu fátt;

eg sé að þér kemur í huga:

„Já, það er það gamla úr þessari átt,
en það skal ei trú mína buga.“

En vittu það, barn mitt: eg á ei við innfæddu trúna;
eg á við þær kreddur og síði, að hið slitna og lúna